

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Vatnsgjald.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,27% af fasteignamatí mannvirkja og lóða. Gjald dagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og sveitarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

2. gr.

Aukavatnsgjald

Aukavatnsgjald til stórnotenda er 17 kr./m³.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að ídráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfrú dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að inntaksstað við mannvirkid og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitunni.

Þvermál inntaks	Heimæðargjald	Yfirlengd
<i>32 mm eða minna</i>	<i>132.000 kr.</i>	<i>3.200 kr. /m</i>
<i>40 mm</i>	<i>184.000 kr.</i>	<i>4.200 kr./m</i>
<i>50 mm</i>	<i>260.000 kr.</i>	<i>6.300 kr./m</i>
<i>63 mm</i>	<i>525.000 kr.</i>	<i>7.400 kr./m</i>
<i>75 mm</i>	<i>790.000 kr.</i>	<i>8.500 kr./m.</i>

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök eru reiknuð sérstaklega hjá tæknideild. Viðbótarkostnaður/yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 m. á lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðargjald skal greitt þegar lokið hefur verið við tengingu vatnsveitunnar við viðkomandi mannvirki. Heimæðargjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. nóvember 2020 og var 148,4 stig.

4. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

5. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnaþings vestra er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga tekur í gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu Húnaþings vestra nr. 1577/2021.